

Reykjavík, mars 2025

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík
v/tilnefninga til stjórnar Íslandspósts

Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál tilnefnir ráðherra „í stjórnir félaga sem ríkið á eignarhlut í á grundvelli hæfni og menntunar eða reynslu.“ Skulu viðeigandi kröfur byggja á reglum sem ráðherra setur um „almenn og hlutlæg skilyrði fyrir vali til setu í slíkum stjórnnum og birtir opinberlega sem hluta af eigandastefnu.“

Ráðherra óskar hverju sinni formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnarmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi stjórnnum. Ráðherra hefur í samræmi við lög sett valnefndinni starfsreglur til að styðjast við í mati sínu á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina koma til setu í stjórnnum fyrirtækja í eigu ríkisins.

Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal valnefnd í hvert sinn leggja til við ráðherra tvo einstaklinga fyrir hvert stjórnarsæti.

Valnefnd almennra fyrirtækja í eigu ríkisins skipa Ólafía B. Rafnsdóttir, Þórir Skarphéðinsson og Sverrir Briem, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Í mars 2025 óskaði ráðherra eftir tilnefningum valnefndar á stjórnarmönnum fyrir aðalfund Íslandspósts.

Aðferðafræði valnefndar

Í samræmi við ofangreinda beiðni hefur valnefndin metið einstaklinga sem sýnt hafa áhuga á að sitja í stjórnnum fyrir hönd ríkisins. Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal leitast við að tryggja að þeir einstaklingar sem skipa stjórnir félaga í eigu ríkisins hafi sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að auka getu stjórnar til að tryggja að skipulag og starfsemi félagsins sé í sem bestu horfi.

Í skipunarbréfi valnefndar segir: "Valnefnd er sjálfstæð í sínum störfum, enda er markmiðið með fyrirkomulaginu að val á einstaklingum sem til greina koma í stjórnir byggji á faglegum og vönduðum grunni. Valnefnd skal í vinnu sinni eftir því sem við á hagnýta skrár ráðuneytisins til að meta hæfni einstaklinga sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórnnum og hafa samráð við ráðuneytið telji hún ástæðu til að auglýsa sérstaklega eftir hæfum einstaklingum. Valnefnd er þá jafnframt heimilt að leita eftir einstaklingum að eigin frumkvæði."

Lagðar voru til grundvallar þrjár lykilheimildir frá fjármála- og efnahagsráðuneyti:

- Almenn eigendastefna ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins (september 2021)
- Reglur um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins (14. febrúar 2025)
- Auglýsing fjármála- og efnahagsráðuneytis um nýtt verklag við val í stjórnir ríkisfyrirtækja (14. febrúar 2025)

Á grundvelli þessara heimilda var helst litið til til eftirfarandi atriða við mat á hæfni einstaklinga og við undirbúning tillagna um einstaklinga til stjórnarsetu í Íslandspósti:

- Yfirlit yfir rekstri
- Þekking á íslensku atvinnulífi
- Reynsla af stjórnarsetu, stjórnun og góðum stjórnarháttum
- Þekking á starfsumhverfi viðkomandi fyrirtækis
- Reynsla af stefnumótun
- Reynsla af og þekking á fjármálum, mannauðsmálum og sjálfbærni
- Leiðtogaþæfni
- Traust og gott orðspor

Stjórnarmenn skulu jafnframt vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óháði skal höfð hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti. Þá skal þess jafnframt gætt að ekki sé hætta á hagsmunaárekstrum vegna annarra starfa stjórnarmanna, en þar skal sérstaklega litið til tengsla við önnur félög sem starfa í sama samkeppnisumhverfi. Hvorki starfsmenn félags né kjörnir fulltrúar á Alþingi eða í sveitarstjórnnum skulu tilnefndir fyrir hönd ríkisins til setu í stjórn félags í eigu þess.

Út frá fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum lagði nefndin mat á það að hve miklu leyti þeir einstaklingar sem lýstu yfir áhuga á stjórnarsetu byggju yfir þeirri hæfni sem lýst er hér að ofan. Þá var sérstaklega hugað að því að stjórnin og þeir einstaklingar sem í henni sitja hefðu sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að stuðla að því að skipulag og starfsemi Íslandspósts sé í sem bestu horfi.

Æskilegt er að við mat á samsetningu stjórnar sé litið til þess að innan hennar sé hæfileg breidd hvað varðar m.a. menntun, faglegan bakgrunn, kyn, þekkingu og reynslu. Leitast skal við að tryggja sem jöfnust kynjahlutföll innan stjórnar.

Tilnefningar valnefndar

Eftir heildstætt mat og samanburð á hæfni þeirra einstaklinga sem gáfu kost á sér eru tilnefningar valnefndar til stjórnarsetu í Íslandspósti eftirfarandi í stafrófsröð:

- | | |
|-----------------------------|---|
| • Birna Bragadóttir | • Pétur J. Eiríksson |
| • Bjarni Ákason | • Pétur Már Halldórsson |
| • Einar S. Magnússon | • Rakel Heiðmarsdóttir |
| • Gunnar Jónsson | • Sara Sigurðardóttir |
| • Hrefna Kristín Jónsdóttir | • Þórunn Reynisdóttir (sagði sig úr stjórn) |
| • Inga Birna Barkardóttir | |

Nánari upplýsingar um hvern og einn tilnefndan stjórnarmann má finna í viðauka.

Virðingarfyllst,

valnefnd ríkisins,

Sverrir Briem, formaður

Ólafía B. Rafnsdóttir

Þórir Skarphéðinsson

Viðauki



Birna Bragadóttir

Birna hefur frá 2024 starfað sem forstöðumaður frumkvöðlaseturs og vísindamiðlunar Orkuveitunnar. Á árunum 2021-2024 gengdi hún starfi forstöðukonu Elliðaárstöðvar og Jarðhitasýningar Orkuveitunnar. Á árunum 2015-2016 og 2018-2021 starfaði Birna sem stjórnendaráðgjafi hjá Befirst og Capacent. Hún var framkvæmdastjóra Sandhotel 2016-2018. Þar áður starfaði hún m.a. hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Icelandair. Birna er með BA-próf í Félagsfræði frá HÍ og MBA frá Háskólanum í Reykjavík.



Bjarni Ákason

Bjarni var framkvæmdastjóri og eigandi Bakoílsberg frá 2019 til 2024. Hann var framkvæmdastjóri og stofnandi Epli á Íslandi frá 2008 til 2018 og framkvæmdastjóri og stofnandi Humac í Skandinavíu frá 2004 til 2007. Áður var hann framkvæmdastjóri verslanasviðs Tæknivals. Bjarni stundaði viðskiptanám við Háskóla Íslands og tók AMP nám í Barcelona.



Einar S. Magnússon

Einar er í dag framkvæmdastjóri hjá Batteríið Arkitektar ásamt því að starfa sem ráðgjafi og stjórnarmaður. Hann var forstjóri Coca-Cola á Íslandi frá 2018 til 2023 en áður var var framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs fyrirtækisins frá 2010. Hann var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Pennans frá 2005 til 2009 og vörumerkjastjóri hjá Vífilfelli frá 2001 til 2005. Einar er með BS gráðu í lönrekstrarfræði og alþjóðamarkaðsfræði frá HR og MBA frá Edinborgarháskóla.



Gunnar Jónsson

Gunnar hefur verið lögmaður á Mörkinni lögmannsstofu frá 1985 og einn af eigendum frá 1993. Hann hefur mikla reynslu af lögmannsstörfum fyrir félög eins og Alcoa, Thorsil og Sky Lagoon. Hefur setið í stjórnnum Glitnis, Íslandssjóða, Icelandic, Reita og Sjóklæðagerðarinnar. Gunnar er Cand Jur frá Háskóla Íslands og með LL.M frá Cleveland Marshall, College Law.

**Hrefna Kristín Jónsdóttir**

Hrefna hefur starfað hjá Verði tryggingum hf. síðan 2017, fyrst sem yfirlögfræðingur og regluvörður á skrifstofu forstjóra en síðan sem forstöðumaður tjóna. Á árunum 2012-2017 gengdi Hrefna starfi lögfræðings og forstöðumanns váttryggingarsviðs hjá Okkar líftryggingum. Hún var lögfræðingur hjá skilanefnd Kaupþings banka hf. á árunum 2009-2012. Þar áður starfaði hún sem löglærður fulltrúi hjá DP lögmönnum. Hrefna er cand. jur. frá HÍ, er með réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi auk þess sem hún hefur lokið leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur (Strategic Leadership).

**Inga Birna Barkardóttir**

Inga Birna er finance controller hjá Össuri og leiðir teymi sem samræmir uppgjör samstæðu fyrirtækjasamstæðunnar. Áður hefur hún gegnt hliðstæðu hlutverki hjá Alvotech group, en einnig hefur hún starfað sem fjármálastjóri Reykjavík Excursions og fjármálastjóri Actavis. Hún lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 2005.

**Pétur J. Eiríksson**

Pétur hefur verið sjálfstætt starfandi með áherslu á ráðgjöf fyrir frumkvöðla frá árinu 2012. Hann var framkvæmdastjóri Icelandair Cargo frá 2000-2008, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Flugleiða frá 1998-2000 og framkvæmdastjóri markaðssviðs Flugleiða frá 1988-1998. Hann hefur setið í ýmsum stjórnunum, td verið stjórnarformaður Portus frá 2009-2012, sat í stjórn Mílu frá 2010-2012 og sat í stjórn Klakka frá 2009-2018. Pétur er með meistaraþráðu í Hagfræði frá Gautaborg.

**Pétur Már Halldórsson**

Pétur var framkvæmdastjóri íslenska hátækifyrirtækisins Nox Medical frá 2011 – 2023 en hann var einn af stofnendum félagsins. Hann er í dag stjórnarformaður Nox Holding ehf sem er móðurfélag Nox Medical. Áður var Pétur Már stjórnandi hjá Fons Eignarhaldsfélagi (2006-2010), yfir alþjóðlegri sölu hjá Flögu (2001-2006) og stjórnandi hjá Samskipum (1990-1996). Pétur er með B.Ed frá kennaraháskóla Íslands og meistaranám í sjávarútvegsfræðum frá HÍ.

**Rakel Heiðmarsdóttir**

Rakel lét nýverið af störfum sem aðstoðarframkvæmdastjóri Garra heildverslunar en þar var hún frá 2018-2025, fyrst sem mannauðsstjóri en svo aðstoðarframkvæmdastjóri. Hún var ráðgjafi og eigandi Inventus ráðgjafar frá 2017-2022 og sinnti þar ráðgjöf í mannauðsmálum og stefnumótun. Áður var Rakel mannauðsstjóri Bláa Lónsins frá 2013-2017 og framkvæmdastjóri mannauðssviðs Norðuráls frá 2005-2012. Rakel er með BA próf í sálfræði frá HÍ og doktorspróf í sama fagi frá Háskólanum í Austin Texas.

**Sara Sigurðardóttir**

Sara er varamaður í stjórn Íslandspósts. Hún starfar í dag sem forstöðumaður þjónustu hjá Nova. Áður starfaði hún hjá Reykjavíkurborg sem breytingarleiðtogi í eitt ár á þjónustu og nýsköpunarsviði. Á árunum 2021-2023 starfaði Sara sem hópstjóri hjá Origo. Þar áður starfaði hún hjá Icelandair sem viðskiptastjóri. Auk þess hefur hún starfað fyrir fyrirtækin NetApp og Greencloud. Sara er formaður stjórnar byggingafélags námsmanna. Sara er með MA. International Relations, Culture and Communication frá Waseda University, Tokyo. Auk þess er hún með BA próf í stjórnmálafræði frá HÍ.

**Þórunn Reynisdóttir**

Þórunn hefur verið forstjóri Ferðaskrifstofu Íslands frá árinu 2015. Hún var framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Iceland Express frá 2011 til 2012, ráðgjafi hjá Isavia 2014-2015 og forstjóri Destination Europe sem er ferðaheildsala í USA frá 2005 til 2011. Áður var Þórunn meðal annars forstjóri Avis á Íslandi og hóteltjóri á Hótel Loftleiðum. Hún lauk rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntun HÍ árið 1998 og farþega- og fraktflyninganámi frá IATA árið 1986.
